



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 42/2025 í skipulagsgátt, Vetnisframleiðsla og -áfylling við Korpu. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.**

Vísað er til máls nr. 42/2025 í skipulagsgátt, Vetnisframleiðsla og -áfylling við Korpu. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Fyrirhuguð starfsemi er leyfisskyld hjá HER sbr. tölulið 38 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998. Einnig er bent á að endurnýting á úrgangi er leyfisskyld hjá heilbrigðiseftirliti sbr. tölulið 19 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998 þannig að ef fyrirhuguð er að flytja jarðveg annarsstaðar frá inn á lóðina til endurnýtingar þarf leyfi til slíks. Þá kann starfsemi með kælimiðla að vera leyfisskyld hjá HER sbr. tölulið 95. Í áðurnefndum viðauka í lögum nr. 7/1998, fer það eftir gerð og magni kælimiðilsins. Skv. upplýsingum frá skrifstofu skipulagsfulltrúa er lóðin sem áfyllingarstöðin og vetnisframleiðslan eru fyrirhuguð á skilgreind sem iðnaðarlóð í aðalskipulagi og starfsemin því heimil á þessum stað.

HER vill byrja á að ávarpa að vetni er mjög eldfimt gas og getur verið hættulegt heilsu manna í háum styrk. Þar sem gasið er mjög hvarfgjarn er þó ekki líklegt að það valdi heilsufarsáhrifum við leka í áfyllingarbúnaði undir beru lofti. Helstu áhættuþættir eru sprengihætta og eldhætta, aðallega tengd lekum, tæringu og þrýstingsvandamálum í tönkum. Ef óhöpp eða slys verða getu þau þó verið stór og haft mikla hættu í för með sér.

Í lýsingu á verkefninu kemur ekki fram hvernig jarðvinnu verður háttað, hvort flytja þurfi jarðveg á lóðina eða hvort fyrirhuguð sé gerð mana á lóðarmörkum. Vakin er athygli á því að endurvinnsla á úrgangi, þ.m.t. jarðefnum, er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar ef magnið er meira en 500 tonn á ári. Mögulega gæti flutningur á jarðefnum inn á lóðina fallið undir tilkynningarskylduna en það ræðst af uppruna jarðefnisins þ.e. hvort um er að ræða uppgröft frá öðrum framkvæmdum (endurnýting á úrgangi) eða nýtt efni. Komið er inn á þetta í texta tilkynningarinnar en ekki er gert ráð fyrir að meta mögulega matsskyldu þessa þáttar framkvæmdarinnar í þessari tilkynningu. HER hefði talið æskilegt að fjallað yrði um báða þætti í sömu tilkynningu svo verið sé að horfa til heildaráhrifa framkvæmdarinnar.



Á lóðinni hefur verið tengivirki en af spennum og öðrum búnaði kann að hafa lekið olía og mengað jarðveg innan lóðar. Af því leiðir að kanna þarf mengunarástand lóðar áður en hafist verður handa við jarðvinnu og, ef ástæða er til, vinna áhættugreiningu með tilliti til mengunar sbr. 10. gr. rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Hluti af áhættugreiningunni er að leggja til hvernig meðhöndla skal mengaðan jarðveg ef hann er til staðar. HER ber að framkvæma frummat á lóðinni sbr. 8. gr. sömu reglugerðar.

HER hefur kynnt sér erlendar rannsóknir og gögn varðandi vetnisáfyllingarstöðvar og vetnisframleiðslu og samkvæmt þeim gögnum þarf að gera heildstætt áhættumat áður en staðsetning slíkrar starfsemi er ákveðin. Í tilkynningunni kemur fram að búið sé að framkvæma áhættumat til bráðabirgða en fullt áhættumat verði gert við hönnun framkvæmdarinnar. Að mati HER þyrfti fullt áhættumat að liggja fyrir áður en farið er í frekari framkvæmdir. Í þeim gögnum sem HER hefur rýnt er mælt með því að lágmarksfjarlægð vetnisáfyllingarstöðva frá íbúðarbyggð sé á bilinu 35-50 m, miðað við ákveðin þéttleika byggðar og hæð húsa. Hvað varðar vetnisframleiðslu þá er mælt með sömu eða meiri fjarlægð. Engin íbúðarbyggð er í liggur að svæðinu en þar er stór bygging sem getur skv. skipulagi hýst verslun, þjónustu og annan rekstur sem liggur í um 50 m fjarlægð frá iðnaðarlóðinni sem mun hýsa fyrirhugaðan rekstur. Hafa ber í huga að ef stærri atburðir verða, s.s. sprenging í tankbíl, getur áhrifasvæði verið mun stærra þó tíðni slíkra atburða sé lág. Gerð þeirrar bygginga sem er í nágrenni vetnisáfyllingastöðva og vetnisframleiðslu skiptir miklu máli, s.s. hver þéttleiki hennar er og hversu há húsin eru, fjöldi íbúa/aðila innan mögulegs áhrifasvæði. Hér þarf að horfa til starfsmanna í nærliggjandi starfsemi og mögulega umferðar um vegi til og frá svæðinu. HER telur ekki nægjanlegt að heilstætt áhættumat sé framkvæmt á síðari stigum heldur þurfi það að liggja fyrir nú þegar

HER telur mikilvægt að greina áhrif þungaumferðar til og frá fyrirhugaðri starfsemi getur haft á almenna umferð á svæðinu. Sérstaklega þarf einnig að skoða umferð innan lóðar til að meta öryggi og hættu á óhöppum. Slík athugun gæti verið hluti af heildstæðu áhættumati á starfseminni.

HER telur að frekari upplýsingar skorti s.s. hvert er núverandi mengunarástand lóðar, möguleg viðbrögð við því, hvort fluttur verði inn nýr jarðvegur eða endurnýttur og í hvaða magni. Eins vantar og eins og fyrr er sagt heildstætt áhættumat. HER telur að framkvæma þurfi mat á umhverfisáhrifum þar sem farið er í alla þætti framkvæmdarinnar og metin öll áhrif og áhætta fyrir nærumhverfið. Eyða þarf óvissu með öryggi og áhættu.



Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón I. Eggertsson  
Deildarstjóri umhverfiseftirlits

Svava S. Steinarsdóttir  
Verkefnastjóri



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
150 Reykjavík

## Vetnisframleiðsla og -áfylling við Korpu. Umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu

Tilvísun: 42/2025

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vetnisframleiðslu- og áfyllingu við Korpu, dags. desember 2024.

Vegagerðin hefur rýnt skýrsluna á grundvelli 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

### Framkvæmdalýsing

Í tilkynningunni eru kynntar áætlanir um að hefja vetnisframleiðslu og setja upp og reka vetnisáfyllingarstöð fyrir samgöngur. Framkvæmdin er samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Linde og Olís. Staðsetning starfseminnar er fyrirhuguð við Blikastaðaveg 10 á sömu lóð og tengivirki Landsnets og dreifistöð Veitna við Korpu í Reykjavík.

Um er að ræða uppbyggingu á 10 MW rafgreini með framleiðslugetu allt að 1.500 tonnum af vetni á ári. Sambyggð framleiðslunni er áformuð vetnisáfyllingarstöð fyrir samgöngur.

Rafgreininum verður komið fyrir í gámaeiningum sem innihalda allan helsta búnað svo sem rafgreininguna sjálfa, vatnshreinsun, rafbúnað og kælikerfi.

Áfyllingarstöðin verður með áfyllingarhólfum og milli vetnisframleiðslu og áfyllingaraðstöðvar verður skammtímageymsla sem þjónar sem dempari fyrir vetnisþjöppuna til að jafna reksturinn. Áfyllingarstöðin verður fær um áfyllingu vetnis á misháum þrýstingi, 350 bar og 700 bar fyrir vetnisknúin tæki, sem og áfyllingargetu fyrir 380 bar fyrir færanlegar flutningseiningar fyrir iðnaðarnotendur.

### Umfjöllun um umhverfisáhrif

Samkvæmt tilkynningunni er fyrirhugað að geyma allt að fimm tonn af vetni á svæðinu, en vetni flokkast sem hættulegt efni sbr. 2. hluta 1. viðauka reglugerðar nr. 1050/2017 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

Í skýrslunni eru kynntar mótvægisáðgerðir sem ætlað er að lágmarka alvarlegar afleiðingar vegna sprengi- og eldhættu, en ekki er fjallað um hættu vegna nálægðar við Vesturlandsveg, þ.e. möguleg áhrif á mannvirki og umferð vegna sprengi- og eldhættu, né hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar til að takmarka áhrifin af slysi.

Framkvæmdasvæðið er í nálægð við einn fjölfarnasta þjóðveg landsins en núverandi starfsemi hefur ekki komið til umsagnar hjá Vegagerðinni og með nýrri notkun eykst áhættan enn frekar.

Síða 1/2

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Æskilegt er að fjallað sé um mögulega áhættu fyrir vegfarendur ef slys verður við framleiðslu eða áfyllingu vetnis og áhrif á samgöngur á Vesturlandsvegi.

Enn fremur óskar Vegagerðin eftir umfjöllun um hættu vegna umferðar á Vesturlandsvegi á starfsemina og hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar til að lágmarka afleiðingar slyss á Vesturlandsvegi á starfsemina, t.d. með uppsetningu H2 vegriðs.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

-----  
Síða 2/2

Vegagerðin

Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Skipulagsstofnun

11. febrúar 2025  
2025-02-16/0.11.2

### Efni: Vetnisframleiðsla og áfylling Korpu. Umsögn Landsnets.

Á Skipulagsgáttinni er til kynningar vetnisframleiðsla og – áfylling við Korpu á vegum Landsvirkjunar, Linde og Olís, til ákvörðunar um matsskyldu Skipulagsstofnunar, sbr. mál nr. 42/2025. Þar sem Landsnet á og rekur tengivirki á umræddu svæði við Korpu, óskaði Landsnet eftir því við Skipulagsstofnun þann 3. febrúar sl. um að vera umsagnaraðili í málinu.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgja málinu, auk þess að hafa átt samtal við Landsvirkjun og Linde um áhuga þeirra á lóðinni á Korpu.

Eins og fram kemur í tilkynningunni er fyrirhugað að ráðast í framleiðslu á vetni, með 5 MW rafgreini, með allt að 775 tonna framleiðslu á ári og síðar allt að 10 MW rafgreini með allt að 1.550 tonna framleiðslugetu á ári. Að auki eigi að koma af stað og reka vetnisáfyllingarstöð, sem sé fær um áfyllingu vetnis á misháðum þrýstingi 350 bar og 700 bar fyrir vetnisknúin tæki og einnig áfyllingargetu fyrir 380 bar fyrir færanlegar flutningseiningar fyrir iðnaðarnotendur.

Framkvæmdaraðilar hafa áhuga á að nýta hluta lóðarinnar við Blikastaðaveg 10, þar sem Landsnet og Veitur eiga og reka tengivirki. Í því sambandi má benda á fyrirliggjandi lóðarleigusamning, dags. 1. desember 2021, þ.e.a.s. á milli Reykjavíkurborgar annars vegar og Landsnets og Veitna hins vegar. Er um að ræða samning sem gildir til 50 ára, talið frá 1. desember 2021. Þá er enn fremur upplýst um að unnið er að breytingum á tilhögun núverandi tengivirkis á lóðinni, þar sem útivirki Landsnets mun færast inn í yfirbyggt tengivirkishús sem verður mun minna að umfangi en það sem er fyrir. Stefnt er að því að taka núverandi útivirki niður og fjárlægja það af lóð. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um á hvaða tímapunkti það verður gert, enda er enn verið að gera viðtökuprófanir á nýja tengivirkinu. Gangi framagreiðdar áætlanir eftir varðandi rekstur á hinu nýja tengivirki mun Landsnet ekki þurfa nýta allt það svæði lóðarinnar sem kveðið er á um í fyrirliggjandi lóðarleigusamningi aðila. Þannig gæti skapast svigrúm til annarrar starfsemi á þessu svæði. Breytingar á fyrrnefndum lóðaleigusamningi er háð því að hlutaðeigandi samningsaðilar komist að samkomulagi þar að lútandi, þannig að gætt sé að þeim hagsmunum sem felast í starfsemi þeirra lögum samkvæmt.

Landsnet hefur nú þegar á fundum sínum ítrekað það við fulltrúa Landsvirkjunar og Linde að ákveðnar forsendur þurfi að vera uppfylltar áður en Landsnet getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirliggjandi lóðaleigusamningi við Reykjavíkurborg.

Þá er og mikilvægt er að metin verði áhætta sem slík starfsemi getur haft í för með sér, t.a.m. af sprengihættu, og lagt mat á þá áhættu í samhengi við nálægða við byggð, landnotkun og starfsemi annarra lóðarhafa, eins og, t.d. rekstur tengivirkis Landsnets að Korpu og aðliggjandi flutningskerfi. Tengivirki Landsnets við Korpu er eitt það mikilvægasta í flutningskerfinu, þar sem það er tengipunktur í orkuflutningi að stærstum hluta almennra neytenda á landinu, þ.e. íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Að auki gæti nálægð tengivirkis og vetnisframleiðslunnar skapað hættu fyrir það starfsfólk sem þarf að sinna viðhaldi og eftirliti með tengivirkinu. Að mati Landsnets þarf að gæta þarf að þessum sjónarmiðum við framhald mála.

Í fyrirbyggjandi matsskyldufyrirspurn, sbr. einkum kafla 4.3, kemur fram að meðhöndlun vetnis geti falið í sér sprengihættu, líkt og gildir um annað eldsneyti. Framkvæmt hafi verið áhættumat til bráðabirgða, en við nánari hönnun framkvæmdar verði fullt áhættumat framkvæmt og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til að lágmarka áhættu. Af þessu tilefni bendir Landsnet á að til þess að fyrirtækið geti uppfyllt lögbundnar skyldur sínar, m.a. eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, með tilliti til öryggis og áreiðanleika afhendingar raforku, telur Landsnet nauðsynlegt að lagt sé fram ítarlegra áhættumat, einkum til þess að fá úr því skorið hvort fyrirhuguð áform um vetnisframleiðslu og -áfyllingu að Korpu valdi núverandi rekstri flutningskerfisins óásættanlega áhættu. Sú niðurstaða hefur eins og áður segir áhrif á ákvarðanir Landsnets um mögulegar breytingar á fyrirbyggjandi lóðarleigusamningi.

Virðingarfyllt,

---

Rut Kristinsdóttir  
Sérfræðingur umhverfismála

Rut Kristinsdóttir



Undirritað af:  
Rut Kristinsdóttir  
1209675689  
Dags: 11.02.2025  
Tími: 13:24:09  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: eda09f4a-d1ca-  
42b3-955b-ad527be9ff32



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

**Henny Hafsteinsdóttir**  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágr.  
[henny@minjastofnun.is](mailto:henny@minjastofnun.is)

Reykjavík, 7. febrúar 2025  
MÍ202501-0068/ 6.07 /

**Efni: Væðisframleiðsla og -áfylling við Korpu í Reykjavík.  
Tilkynning til ákvörðunar um matskylðu.**

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 13. janúar 2025 þar sem fram kom að Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn stofnunarinnar vegna tilkynninga til ákvörðunar um matskylðu, mál nr. 0042/2025. Hægt var að hlaða niður greinargerð, *Væðisframleiðsla og -áfylling við Korpu*, unnin af Landsvirkjun, Linde og Olís, dagsett í desember 2024, nr. LV-2024-046. Í greinargerðinni kemur fram að fyrirhugað sé að reisa væðisframleiðslu og -áfyllingarstöð ásamt innviðum til dreifingar við hlið tengivirkis Landsnets og aðveitustöð Veitna við Korpu, Blikastaðavegi 10, L235212. Lóðin er rúmlega 1,8 ha. að stærð og eru fyrirhugaðar framkvæmdir á um það bil 0,8 ha. svæði. Lóðin er röskuð og þar hefur verið starfsemi Veitna og Landsnets frá árinu 1978. Í kafla 3.3. um menningarminjar kemur réttilega fram að engar fornleifar séu skráðar á lóðinni og að næsta skráða fornleif sé í um 150 metra fjarlægð frá lóðarmörkum.

Fyrir liggur samþykkt breyting á deiliskipulagi (12. júlí 2021) fyrir lóðina þar sem deiliskipulagssvæðið var stækkað til norðurs og gert ráð fyrir tveimur nýjum byggingum á lóðinni. En fram kemur í greinargerðinni að gert sé ráð fyrir að breyta þurfi deiliskipulagi vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Fyrir liggur *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2004, skýrsla nr. 112. Sú skráning miðast við það skráningarform sem nægir við gerð deiliskipulags. Engar fornleifar eru skráðar innan framkvæmdasvæðisins.

Á svæðinu er eitt hús reist 1979 sem ætlunin er að rífa. Verið að reisa tvö ný hús á lóðinni og hófust þær framkvæmdir árið 2023. Engin þessara húsa falla undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar og því ekki farið fram á húsaskráningu.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir eins og þær eru kynntar í meðfylgjandi greinargerð. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun*

Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir  
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993.

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóhönnu Hrund Einarsdóttur  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2025  
UOS2501182/A.Ö.H.  
13.05.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - Vetnisframleiðsla og -áfylling við Korpu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Stofnunin minnir á málshraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

## Framkvæmdarlýsing

Landsvirkjun, Linde og Olís (hér eftir nefnd framkvæmdaaðili) stefna að framleiðslu á vetni með 10MW rafgreini við Korpu í Reykjavík. Framkvæmdaaðili hyggst nýta hluta lóðar við Blikastaðaveg 10, þar sem nú þegar er tengivirki Landsnets ásamt aðveitustöð Veitna, við hlið Korputorgs. Fyrsti hluti áfangans verður 5MW rafgreinir með framleiðslugetu uppá allt að 775 tonn af vetni á ári, með orkuþörf uppá allt að 47GWh sem fengin verður frá raforkukerfi Landsvirkjunar. Annar hluti verkefnisins er áformuð stækkun rafgreinis í 10MW með framleiðslugetu uppá allt að 1.550 tonn af vetni á ári, með orkuþörf uppá allt að 94GWh. Aðföng fyrir framleiðsluna eru raforka og vatn, sem fyrir eru á staðnum.

## Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar

Áætlað er að framkvæmdin verði innan svæðis sem framkvæmdaaðili er nú þegar með til notkunar. Það svæði er þegar raskað og verður framleiðslan á steiptum grunni, en að öðru leyti í gámaeiningum. Áætluð hæð bygginga og búnaðar verður ekki hærri en annarra á svæðinu og voru áður á sömu lóð. Byggt á þessu telur Umhverfis- og orkustofnun að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á ásynd svæðisins.

Samkvæmt upplýsingum í matsskyldufyrirspurninni verður eina losunin frá stöðinni hreint súrefni sem verður losað í nægilegri hæð í andrúmsloftið. Losun í vatn og andrúmsloft telst því vera óveruleg.

Fram kemur í fyrirspurninni að áætluð hljóðmengun frá kælibúnaði og vetnisþjöppum fari ekki yfir 85dB(A) í eins meters fjarlægð og 60dB(A) við lóðarmörk. Stofnunin ítrekar að ekki sé farið yfir mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfseminni, í samræmi við töflu III í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Í fyrirspurninni kemur fram að gert sé ráð fyrir að breyta þurfi gildandi deiliskipulagi í samræmi við fyrirhuguð áform framkvæmdaaðila. Einnig að skoða þurfi hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmist ákvæðum gildandi aðalskipulags. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemin þarf að vera í samræmi við skipulag svæðisins áður en sótt er um starfsleyfi.

Misræmi er að finna í orðalagi í köflum 2.2.3 og 4.3 í fyrirspurninni. Í fyrri kaflanum áætla framkvæmdaaðili að geymt verði að hámarki 5 tonn af vetni á svæðinu, en í síðari kaflanum innan við 5 tonn af vetni. Vetni flokkast sem hættulegt efni sbr. 2. hluti í I. viðauka reglugerð nr. 1050/2017 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. Í 3. gr reglugerðar kemur fram að starfsstöð þar sem er að finna hættuleg efni í magni sem er jafnt og magnið sem tilgreint er í 2. dálki 2. hluta I. viðauka, flokkast starfsstöð sem í lægri mörkum. Ef geymd verða 5 tonn af vetni á svæðinu skal framkvæmdaaðili gera áætlun um stórslysavarnir og veita upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 1050/2017. Í fyrirspurninni eru settar fram mótvægisaðgerðir sem er ætlað að lágmarka alvarlegar afleiðingar sprengi- og eldhættu.

### **Niðurstaða**

Umhverfis- og orkustofnun telur að í matsskyldufyrirspurninni sé gerð nægjanleg grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin geti haft. Stofnunin telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Arnar Össur Harðarson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Sauðárkrókur 06.02.2025  
Tilvísun: 202502298


**Málefni: Umsagnarbeiðni vegna vetnisframleiðslu og áfyllingar vetnis við Korpu**

Brunavarnasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar barst matsskyldufyrirspurn frá Skipulagsstofnun þann 13.01.2025, varðandi vetnisframleiðslu og áfyllingu vetnis við Korpu. Umsögn er gefin í samræmi við 23. gr. laga nr. 111/2021.

Brunavarnasvið HMS metur svo að ef litið er til eftirfarandi greina matsskyldufyrirsurnar, 2.3.3 *Þjöppun vetnis og áfylling flutningseininga – Svæði 2 og 4.3 Áhættumat* virðist gæta misræmis í texta er varðar áætlað geymt hámarksmagn vetnis á svæðinu á hverjum tíma. Jafnframt er það mat Brunavarnasviðs HMS að nauðsynlegt sé að framkvæma áhættumat og eftir atvikum brunahönnun fyrir mannvirkin í samræmi við 9.2.4 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Brunavarnasvið HMS bendir jafnframt á nauðsyn þess að ákvæðum reglugerðar nr. 1050/2017 sé fylgt eftir, er varðar gerð öryggis- og viðbragðsaátlana og það gert í samvinnu við viðeigandi viðbragðsaðila, til að tryggja viðeigandi bjargir komi til atvika sem leitt geti af sér hættu fyrir fólk, eignir eða umhverfi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

  
Ingvar Gýgjar Sigurðarson  
Sérfræðingur á Brunavarnasviði

Skipulagsstofnun  
Laugavegur 166  
105 Reykjavík  
Ísland

Reykjavík, 4.3.2025  
Tilvísun: 202501-000240/6.01.04

**Efni: Umsögn Vinnueftirlits ríkisins vegna fyrirhugaðrar vetnisframleiðslu og -áfyllingu við Korpu í Reykjavík.**

Íslið er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 13. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Vinnueftirlitsins um mál nr. 0042/2025 um framleiðslu og áfyllingu vetnis við Korpu.

Vinnueftirlitið starfar á grundvelli laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er fjallar um öryggi og vellíðan starfsfólks á innlendum vinnumarkaði, þar á meðal stórslysavarnir þar sem hættuleg efni eru notuð í miklu magni. Umsögn þessi lýtur því að aðeins að því hvernig fyrirhuguð starfsemi lýtur að efni þeirra laga og reglugerða settum á grundvelli þeirra. Er umsögn þessi byggð á þeim gögnum sem liggja fyrir og þá aðallega matsskyldufyrirspurninni *Vetnisframleiðsla og -áfylling við Korpu*.

Reglugerð nr. 1050/2017, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, gildir mögulega um fyrirhugaða starfsemi en reglugerðin gildir um starfsstöðvar þar sem hættuleg efni, sem tilgreind eru í 1. eða 2. hluta I. viðauka hennar, er að finna. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar, sbr. 31. gr. reglugerðarinnar, sbr. einnig 51. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Markmiðið er að gerðar séu öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja stórslys af völdum hættulegra efna og draga úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði fólks og umhverfi, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar.

Fyrirhuguð vetnisframleiðsla og -áfylling við Korpu í Reykjavík felur í sér framleiðslu vetnis með rafgreiningu úr vatni, á lóð Landsvirkjunar við Korpu í Reykjavík. Á lóðinni er nú tengivirki sem stendur til að taka niður og koma fyrir í byggingu annars staðar á lóðinni. Ráðgert er að vetnisverksmiðjan verði reist þar sem tengivirkið er núna.

Við framleiðslu vetnis með rafgreiningu þarf hreint vatn og rafmagn. Flutningur raforku að svæðinu er nú þegar tryggður en ráðgert er að fyrsti áfangi þurfi 5 MW og orkuþörf verði svo 10 MW þegar öðrum áfanga er lokið. Við rafgreiningu klofnar vatn í frumefni sín, þ.e. vetni og súrefni. Gert er ráð fyrir notkun tækni sem krefst ekki notkunar kalíum hýdroxíðs þannig að efnanotkun sem slík verður í óverulegu magni og tengist aðeins í viðhaldsvinnu með vélbúnaði sem verður til staðar á svæðinu.



Að því er varðar þau efni sem varða þetta framleiðsluferli og eru flokkuð sem hættuleg efni samkvæmt 2. hluta I. viðauka reglugerðar um varnir gegn hættu á stórslysum fer eftirfarandi:

**Vetni** er tilgreint í 15. tölul. 1. dálks II. hluta I. viðauka reglugerðarinnar og er létt lofttegund (léttari en loft). Vetni er mjög eldfim lofttegund og er sprengifimt á breiðu bili, á bilinu 4 – 75%. Sprengifimt á breiðu bili þýðir að nær öll hlutföll vetnis og lofts mynda blöndu sem er sprengifim, þ.e. blanda sem getur sprungið við minnsta neista. Þetta getur skapað mikla hættu og krefst því sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir áhættuna eins og t.d. neistafrís búnaðar. Ef vetni sleppur út þá leitar það strax upp í andrúmsloftið, þar sem efnið er léttara en loft og myndi því stíga hratt upp og þynnast upp í andrúmsloftið frá þeim stað sem það sleppur út. Má því gera ráð fyrir að efnið safnist ekki upp og að umhverfisáhrif teljast því óveruleg. Unnið er með efnið í lokuðum kerfum og gert ráð fyrir að fylgja ströngum ferlum varðandi alla meðhöndlun þannig að afar litlar líkur eru á að efnið sleppi út en það væri þá helst í tengslum við áfyllingu á farartæki í áfyllistöð eða á flutningstanka. Þess ber að geta að gert er ráð fyrir að efnið verði undir miklum þrýstingi eða allt að 700 bör sem gerir miklar kröfur til búnaðar í stöðinni. Gert er ráð fyrir að vetnið verði að mestu flutt jafnóðum í burtu þannig að magn vetnis yrði að líkindum undir neðri mörkum á hverjum tíma eins og þau eru skilgreind í reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna en lægri mörk vetnis eru 5 tonn. Engu að síður er gert ráð fyrir að taka þurfi tillit til reglugerðarinnar við alla hönnun og rekstur. Mikilvægt er að tryggja að vetni komist ekki á staði þar sem hætta er á neista eins og t.d. í tengivirki en eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að nýtt tengivirki verði innandyra.

**Súrefni** er tilgreint í 25. tölul. 1. dálks II. hluta I. viðauka reglugerðarinnar og myndast í ferlinu bæði við rafgreiningu. Súrefninu er sleppt beint út í andrúmsloftið og það er því ekki geymt. Mögulega gætu komið fram mjög staðbundin áhrif vegna aukins styrks súrefnis í lofti en vegna hraðrar þynningar má gera ráð fyrir að hætta vegna súrefnis verði hverfandi. Náttúrulegur styrkur súrefnis í andrúmslofti er tæplega 21% og er það eldnærandi en aukinn styrkur þess getur aukið hættu á íkveikju í brennanlegu efni. Gert er ráð fyrir að súrefninu verði sleppt í gegnum háfa í nokkurri hæð yfir verksmiðjunni sem tryggir samstundis blöndun þess við andrúmsloft. Mikilvægt er að tryggja að súrefni blandist aldrei vetni en þá skapast sprengihætta.

Vegna þess hve lofttegundirnar, vetni og súrefni, blandast lofti hratt og að þær eru ekki mengandi í hefðbundnum skilningi eru taldar hverfandi líkur á tjóni á umhverfi vegna þeirra. Vinnueftirlitið er því sammála því mati að umhverfisáhrif verksmiðjunnar, sérstaklega að teknu tilliti til að svæðið er nú þegar raskað, yrðu lítil sem engin.

Vinnueftirlitið minnir á að við alla hönnun og uppbyggingu rafgreinisins og áfyllingarstöðvarinnar sem og atvinnustarfsemi í þeim þarf að fylgja lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingu, og reglum settum með stoð í þeim. Um starfsemina eða hluta hennar gilda meðal annars eftirfarandi reglur og reglugerðir sem heyra undir málefna svið stofnunarinnar og fara þarf eftir við framkvæmd fyrirhugaðs verkefnis:

Reglugerð nr. 1050/2017, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna,

Reglugerð nr. 1022/2017, um þrýstibúnað,

Reglugerð nr. 218/2013, um færanlegan þrýstibúnað

Reglugerð nr. 349/2004, um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum,

Reglugerð nr. 1005/2009, um vélar og tæknilegan búnað,

Reglugerð nr. 367/2006, um notkun tækja.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vinnueftirlitsins



Heimir Guðmundsson



Guðbjörg Heiða Einarsdóttir



**Varðar: Blikastaðavegur 10 – Vetnisframleiðsla og áfylling við Korpu – fyrirspurn um matskyldu**

Reykjavíkurborg (skipulagsfulltrúa) barst þann 13. janúar sl. bréf þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um matskyldufyrirspurn Landsvirkjunar, Linde og Olís vegna áforma um vetnisframleiðslu og sambyggða vetnisáfyllingarstöð fyrir samgöngur við hlið tengivirkis Landsnets og dreifistöðvar Veitna við Korpu.

Í erindi Skipulagsstofnunar segir að í tilfellum tilkynningaskyldra framkvæmda skuli koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt er þess óskað að umsögn taki á því hvort ákveðin, tiltekin atriði skuli háð mati á umhverfiáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

**Umsögn**

Greinargerðin (matskyldufyrirspurnin), dags. desember 2024 gerir nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og þeim umhverfispáttum sem hún tekur til. Gerð er grein fyrir helstu umhverfispáttum sem geta orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu. Þar eru tilgreindir helstu áhrifaþættir og telur Reykjavíkurborg þá umfjöllun fullnægjandi og færir skýrslan rök fyrir því að einungis verði um að ræða óveruleg umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar.

Tilgangur og forsenda. Í greinargerðinni er fjallað um fyrirhugaða uppbyggingu fyrirtækjanna þriggja sem snúi að vetnisvæðingu þar sem endurnýjanleg raforka verður notuð til framleiðslu vetnis með rafgreiningu. Vetnið verður notað við orkuskipti í ýmsum geirum sem í dag eru háðir jarðefnaeldsneyti, svo sem í samgöngum, iðnaði og í orkugeiranum. Jafnframt er fjallað um vetnisframleiðslu og -áfyllingu sem áformað er að reisa við hlið tengivirkis Landsnets og aðveitustöð Veitna við Korpu í Reykjavík.

Eðli framkvæmdar. Áætlanir gera ráð fyrir því að sett verði upp vetnisframleiðsla og sambyggð vetnisáfyllingarstöð fyrir samgöngur við hlið tengivirkis Landsnets og dreifistöðvar Veitna við Korpu í Reykjavík. Með verkefninu verða stigin stór skref í orkuskiptum á Íslandi, sér í lagi í þungaflutningum á landi og í iðnaði, og styður það því vel við metnaðarfull markmið íslenskra stjórnvalda í orku- og loftslagsmálum.

Áætlað er að framkvæmdin verði áfangaskipt en í fyrsta áfanga verkefnisins er áætluð stærð rafgreinis 5 MW og áætluð árleg framleiðslugeta vetnis allt að 775 tonn.

Í næsta áfanga verkefnisins er áformað að stækka rafgreininu upp í allt að 10 MW og að árleg framleiðslugeta vetnis verði þá allt að 1.550 tonn í heildina. Jafnframt verður innviðum til dreifingar og áfyllingar komið upp á sama stað.

Staðsetning framkvæmdar. Lóðin Blikastaðavegur 10 er staðsett austan við Korpu og hýsir lóðin nú þegar tengivirki Landsnets ásamt aðveitustöð Veitna. Unnið er að því að breyta tengivirkinu í yfirbyggt tengivirki sem tekur mun minna pláss. Að því loknu er fyrirhugað að fjarlægja núverandi tengivirki á lóðinni. Við þær framkvæmdir losnar svæði sem þróunaraðilar hyggjast nýta undir

framkvæmdina. Fyrirhuguð framkvæmd samræmist ákvæðum gildandi aðalskipulags Reykjavíkur 2040 en ljóst er að gera þarf breytingu á deiliskipulagi svæðisins í tengslum við uppskiptingu lóðar og innleiðingu sérskilmála.

Umhverfisáhrif. Í greinargerðinni er gerð ítarleg grein fyrir umfangi og eðli umhverfisáhrifa í tengslum við framkvæmdina. Þar er fjallað um samlegðaráhrif með áhrifum annarra framkvæmda og getið um vinnslu bráðabrigða áhættumats, þar sem mótvægisaðgerðir eru m.a. skilgreindar og teknar inn í hönnunarferlið. Þá er fjallað um áhrif á vatn og lífríki auk áhrifa á menningarminjar. Að lokum er fjallað um mótvægisaðgerðir vegna áhrifa framkvæmdar. Þar er lögð áhersla á að útfærsla framkvæmdar verði með þeim hætti að öll umhverfisáhrif verði lágmörkuð með vel skilgreindum mótvægisaðgerðum.

### **Niðurstaða**

Út frá ofangreindum atriðum er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif og má ætla að áhrifin verði einungis óveruleg. Því er ekki talið framkvæmdin falli undir mat á umhverfisáhrifum.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2025

**Efni: Vetnisframleiðsla og áfylling við Korpu. Umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Linde og Olís. Í tilkynningunni eru kynntar áætlanir um að hefja vetnisframleiðslu og setja upp og reka vetnisáfyllingarstöð fyrir samgöngur. Um er að ræða uppbyggingu á 10 MW rafgreini með framleiðslugetu allt að 1.500 tonnum af vetni á ári.

Staðsetning starfseminnar er skv. matsskyldufyrirspurn fyrirhuguð við Blikastaðaveg 10, á sömu lóð og útitingivirki Veitna og Landsnets eru staðsett, en Veitur og Landsnet eru með 50 ára lóðaleigusamning við Reykjavíkurborg um lóðina, dags. 1. desember 2021.

Yfirstandandi er bygging á nýju spennahúsi í eigu Veitna og nýju rofahúsi í eigu Landsnets sem kemur til með að leysa af hólmi eldri búnað í útivirki. Veitur munu þó í a.m.k. tvö ár eftir spennusetningu á nýju spennahúsi halda áfram að nýta olíugryfjur í útivirki til að geyma spenna þar til þeir verða fluttir annað. Við lok framkvæmda og þegar útirofar og spennar hafa verið fjarlægðir, er ekki loku fyrir það skotið að svigrúm geti skapast fyrir aðra starfsemi á svæðinu, hins vegar er það samtal skammt á veg komið og mörgum spurningum ósvarað.

Veitur benda á að þörf er á að meta mögulega áhættu af starfsemi vetnisstöðvarinnar, t.d. sprengihættu og það mat þarf að taka mið af nálægð við raforkumannvirki Landsnets og Veitna á lóðinni. Þá þarf einnig að meta áhættuna af stórauðinni umferð stórra ökutækja um svæðið, en gert er ráð fyrir umferð allt að 40-50 flutningabifreiða á dag inn á svæðið.

Tengivirkið við Blikastaðaveg er það mikilvægasta í dreifikerfi Veitna og getur félagið ekki afhent raforku til höfuðborgarsvæðisins komi upp bilun eða óhapp í eða við tengivirkið. Þar sem vetni getur falið í sér sprengihættu, kalla Veitur eftir mun ítarlegra áhættumati til að tryggja að rekstur vetnisframleiðslu og áfyllingar við Korpu valdi ekki óásættanlegri áhættu fyrir dreifikerfi raforku. Þá kalla Veitur eftir ítarlegri greiningu á mótvægisáðgerðum til að koma í veg fyrir slys af umferð stórra ökutækja í nálægð við tengivirkið.

Virðingarfyllt,

Bára Jónsdóttir lögmaður

